

Sp.

560. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 33. þingi Evrópuráðsins maí 1981—janúar 1982.

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.
 2. Fulltrúar Íslands.
 3. Störf þingsins almennt.
 4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráði.
 5. Efnahags- og orkumál.
 6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
 7. Félags- og heilbrigðismál.
 8. Menningar- og menntamál.
 9. Löggjafarmálefni.
 10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
 11. Landbúnaðarmál.
 12. Önnur mál.
- Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst samansett af ráðherranefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd, sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslíð hans þjónar svo þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi þings Evrópuráðsins. Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing, sem er svipað þingum hinna einstöku þjóða að samsetningu og hlýðir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitserða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 33. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson.

Pétur Sigurðsson.

Auk þess mætti Ingólfur Guðnason á þinginu fyrir Guðmund G. Þórarinsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:

Fastanefnd.

Stjórnmalanefnd.

Laganefnd (varamaður).

Þingskapanefnd (varamaður).

Guðmundur G. Þórarinsson:

Sameinaða nefndin.

Vísinda- og tækninefnd.

Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:

Efnahagsnefnd.

Upplýsinganefnd.

Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).

Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).

Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:

Heilbrigðis- og félagsmalanefnd.

Menntamalanefnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.

Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:

Þingskapanefnd.

Fjárhags- og áætlananefnd.

Fastanefnd (varamaður).

Stjórnmalanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

33. þingi Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 11.—15. maí 1981, annar hlutinn 30. september—8. október 1981 og þriðji hlutinn

25.—29. janúar 1982. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasbourg.

Umræður á 33. þinginu snerust einkum um ástandið í Tyrklandi. Var miklum tíma varið í þær umræður á fyrsta hluta þingsins í maímánuði 1981 og á þriðja hluta þingsins í janúarmánuði s. l. Aðaluppistaðan í umræðunum var áframhaldandi vera Tyrklands í Evrópuráðinu og hvort leyfa ætti fyrrum þingmönnum í sendinefnd Tyrklands á Evrópuráðsþingi setu á 33. þinginu. Hvort tveggja var tilefni deilna þingmanna í milli og urðu langar umræður um þessi atriði. Málalyktir fengust svo á síðasta hluta þingsins í janúarmánuði s. l. með því að samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta ályktun, þar sem því er beint til ríkisstjórna að athugaðir verði möguleikar á að ríkisstjórn Tyrklands verði kærð fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins vegna brota á mannréttindayfirlýsingunni. Í ályktuninni lýsir þingið m. a. yfir þungum áhyggjum vegna fréttu um pyntingar og illa meðferð fanga. Verður vikið nánar að þessum málum í næsta kafla sem fjallar um alþjóðamál.

Við upphaf maífundarins rann út kjörtímabil forseta þingsins og fóru fram kosningar um nýjan þingforseta. Upphaflega lágu fyrir þrjú framboð. Rétt áður en ganga átti til atkvæða dró einn hinna þriggja frambjóðenda sig til baka, en það var franskur þingmaður Gaullista, Jean Valleix. José Maria Areilza, fyrrum utanríkisráðherra Spánar, var kjörinn forseti þingsins með 79 atkvæðum. Vincent Tabone, þingmaður frá Möltu, hlaut 56 atkvæði.

Á maífundinum ávarpaði Willibald Pahr, utanríkisráðherra Austurríkis, þingið í tilefni af 25 ára afmæli aðildar Austurríkis að Evrópuráðinu. Ola Ullsten, utanríkisráðherra Svíþjóðar, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði. Ullsten vék meðal annars að valdaránstilrauninni á Spáni, sem bæri ljósan vott um hve hið nýfengna pólitíska lýðræði stæði veikum fótum þó svo að lýðræðið hefði vissulega borið sig úr bítum í þetta skipti. Vékk hann einnig að ástandinu í Tyrklandi og sagði að Evrópuráðið ætti að láta að sér kveða og reyna að hafa áhrif á að lýðræði yrði komið aftur á í Tyrklandi. Væri nauðsynlegt að Evrópuráðið fylgdist mjög náið með þróun mála þar í landi.

Á haustfundinum ávarpaði Evrópumálaráðherra Frakklands, André Chandernagor, þingið, svo og dómsmálaráðherra Frakklands, Robert Batinter. Þingið ávarpaði einnig aðalframkvæmdastjóri OECD, Emil van Lennep, og viðskipta- og iðnaðarráðherra Austurríkis, Josef Stahlbacher. Utanríkisráðherra Sviss, Pierre Aubert, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Á þriðja hluta þingsins í janúarmánuði s. l. gaf aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Franz Karazek, þinginu skýrslu um starfsemi stofnunarinnar undanfarin tvö og hálf ár, sem er sá tími sem hann hefur gegnt starfi aðalframkvæmdastjóra.

Skýrslu ráðherranefndarinnar til þingsins var fylgt úr hlaði af aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, Douglas Hird.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráði.

Svo sem áður er vikið að einkenndist umræðan einkum af ástandinu í Tyrklandi. Í fyrra samþykkti 32. þingið ályktun sem m. a. kvað á um að kjörbréf tyrknesku fulltrúanna rynnu út 11. maí 1981 og að ekki mundi verða um þátttöku Tyrkja að ræða í þingi Evrópuráðsins ef kosningar hefðu ekki farið fram í landinu fyrir þann tíma. Þó svo að kosningar hefðu ekki farið fram ræddu ýmsir þingmenn um þann möguleika, að tyrkneskum fyrrverandi þingmönnum skyldi verða gefinn kostur á að sitja á Evrópuráðsþinginu og greiða þar atkvæði. Meiri hlutinn var þó á þeirri skoðun, að slíkt stríddi berlega gegn stofnskrá Evrópuráðsins og þingsköpum.

Maífundurinn samþykkti fyrirmæli er kveða á um að seta fyrrum tyrkneskra þingfulltrúa á þingi Evrópuráðsins gangi í berhögg við reglur Evrópuráðsins. Fyrirmælin voru samþykkt með 51 atkvæði gegn 48, en 10 sátu hjá. Alllílegar umræður urðu um pólitíska stöðu mála í

Tyrklandi. Stjórnmalanefnd þingsins gat ekki komið sér saman um texta sem leggja ætti fyrir þingið. Talsmaður nefndarinnar, Austurríkismaðurinn Ludwig Steiner, hafði skilað skýrslu eftir könnunarferð til Tyrklands, en nefndinni tókst ekki að ná samkomulagi um að leggja skýrsluna fyrir þingið. Skýrsla þessi var því lögð fram í nafni Steiners svo og drög að fyrirmælum. Fram komu um tíu breytingartillögur og viðaukatillögur við texta þann er Steiner hafði lagt fram í eigin nafni. Í fyrirmælunum, sem loks voru samþykkt, var minnt á nauðsyn þess, að hætt yrði pyntingum og illri meðferð á föngum í Tyrklandi svo og að reglur yrðu mildaðar er kveða á um níutíu daga varðhald án dóms og laga. Með samþykkt þessara fyrirmæla var brottvísun Tyrklands úr Evrópuráðinu slegið á frest.

Litlar umræður urðu um Tyrklands málið á haustfundinum, en þó var samþykkt ályktun þar sem á ný er lögð áhersla á að ástandið í Tyrklandi samrýmist ekki stofnskrá Evrópuráðsins.

Í byrjun janúarmánaðar s. l. fór nefnd á vegum stjórnála- og laganeftar þingsins í könnunarferð til Tyrklands til að reyna að gera sér grein fyrir ástandinu þar. Sú breyting hafði orðið á stjórnálaástandi í Tyrklandi, að Evren hershöfðingi, forseti Tyrklands, hafði í nýársboðskap til þjóðarinnar gefið upp tímaáætlun um að drög að stjórnarskrá yrðu lögð fyrir þjóðaratkvæði haustið 1982 og að þingkosningar fari fram 1983 eða í síðasta lagi vorið 1984. Ekki fylgdu þó neinar yfirlýsingar um almenn mannréttindi í Tyrklandi.

Miklar umræður urðu um Tyrklands málið á janúarfundinum. Komu fram einkum þrjú sjónarmið í þeirri umræðu. Fulltrúi breska íhaldsflokksins og ýmsir aðrir fulltrúar hægri flokka héldu því fram, að ekki bæri að einblína á ástandið í Tyrklandi eins og það væri í dag, heldur yrði að bera það saman við ástandið eins og það var fyrir valdaránið 12. september 1980. Að því leyti væri ástandið í dag betra en þá, þar eð öryggi íbúanna væri nú tryggt. Viðurkennt var að pyntingar ættu sér stað, en jafnframt minnt á að ekki væri óeðlilegt að herforingjastjórnin þyrfti meira en 18 mánuði til að koma á reglu í Tyrklandi.

Í öðru lagi komu fram sjónarmið sem fulltrúar Grikkja, Portúgala og Spánverja aðhylltust ásamt ítölskum kommúnistum og nokkrum róttækum sósíalistum, þar á meðal hollenskum fulltrúum. Bent var á að traust Evrópuráðsins væri í veði sem mannréttindastofnunar. Bæri því að beina þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar, að Tyrklandi ætti að víkja úr Evrópuráðinu samkvæmt 8. grein stofnskrárinnar. Fyrir fulltrúum Portúgals og Spánar, en þau lönd hafa nýverið öðlast lýðræðislegt stjórnarfar, vakti einnig að gera þeim öflum í ríkjum þessum, er veltu fyrir sér möguleikum á að kollvarpa lýðræðinu, fyllilega ljóst að fyrir slík uppátæki yrði refsað í Evrópuráðinu.

Í þriðja lagi komu fram þau sjónarmið, sem einkum Norðurlöndin aðhylltust, að áður en til brottrekstrar kæmi ætti að reyna möguleika Evrópuráðsins á að hraða þróun í átt til lýðræðis í Tyrklandi og væru þeir möguleikar best tryggðir með áframhaldandi aðild Tyrklands að stofnuninni. Meiri hluti þingfulltrúa aðhylltist síðan sjónarmið þessi. Í umræðunum kom fram að með þessu móti héldi Evrópuráðið opnum möguleikum á að hafa áhrif á herforingjastjórnina í Tyrklandi. Samfara þessari hógværu afstöðu gagnvart aðild Tyrklands að Evrópuráðinu kom fram hörð afstaða gegn pyntingum og illri meðferð fanga og mikil gagnrýni á banni við starfsemi stjórnmalaflokka og verkalýðsfélaga. Ýmsir ræðumenn minntu á skýrslur, einkum frá Amnesty International, sem staðhæfðu ekki einungis að pyntingar ættu sér stað í Tyrklandi heldur hefðu þær færst í vöxt. Aðrir minntu á réttarhöldin yfir foringjum verkalýðsfélaganna og bæri því að kæra Tyrkland fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins.

Stjórnmalanefndin lagði fram skýrslu sem tekin hafði verið saman af austurríska þingmanninum Ludwig Steiner og formanni stjórnmalanefndarinnar, breska þingmanninum Tom Erwin. Með skýrslunni fylgdu drög að ályktun, en við þau bættust fjörutíu og tvær breytingartillögur og viðaukatillögur. Aðeins nokkrar þessara breytingartillagna hlutu meirihlutafylgi á þinginu. Þá hafði einnig verið lögð fram sérstök skýrsla af fulltrúa þýskra

sósíaldemókrata, Hans Bardens, fulltrúa í laganeftdinni, þar sem fjallað var um ástandið í landinu út frá réttarfarslegu sjónarmiði.

Ályktunin, sem samþykkt var (nr. 765), er mjög umfangsmikil. Í henni kemur m. a. fram að þing Evrópuráðsins líti svo á að ástandið í Tyrklandi haldi áfram að vera ósamrým- anlegt stofnskrá Evrópuráðsins, en að áframhaldandi vera Tyrklands í Evrópuráðinu geri því kleift og skyldi stofnunina til að fylgjast með því, að lýðræði verði aftur komið á í Tyrklandi og að mannréttindi verði virt. Lýst er ánægju yfir að dregið hafi úr hryðjuverkum í Tyrk- landi, en bent er á að samfara þessu hafi ekki enn verið komið á almennum mannréttindum sem voru takmörkuð eða afnumin, sbr. 15. grein stofnskrár Evrópuráðsins. Lýst er áhyggj- um yfir skýrslum um að pyntingar og slæm meðferð fanga eigi sér enn stað. Harmað er að stjórnmalasamtök eru útilokuð frá þátttöku í störfum hinnar sérstöku ráðgjafarsamkundu sem stofnuð hefur verið til þess að gera drög að stjórnarskrá. Þingið álitur að Evrópuráðið geti ekki, án þess að glata trausti sem mannréttindastofnun, frestað því á ný að taka harða afstöðu gegn núverandi ástandi í Tyrklandi. Fordæmd eru þau mannréttindabrot sem hafa átt sér stað í Tyrklandi, m. a. afnám stjórnmalaflokka og verkalyðsfélaga, fangelsanir vegna skoðana, pyntingar og slæm meðferð á pólitískum föngum og réttarhöld þar sem ákærðum er ekki tryggður réttur til málsvarnar. Þá er athygli ríkisstjórna aðildarríka Evrópuráðsins beint að 24. grein sáttmálans, sem heimilar sérhverju aðildarríki að vísa til mannréttinda- nefndarinnar sérhverju broti á ákvæðum sáttmálans. Þingið álitur að málsmeðferð, sem gert er ráð fyrir í 24. grein sáttmálans, eigi að beita í máli Tyrklands til að upplýsa að hve miklu leyti staðhæfingar um pyntingar og önnur mannréttindabrot í Tyrklandi eigi við rök að styðjast. Í lok ályktunarinnar er ýmsum tilmælum og áskorunum beint til tyrknesku ríkis- stjórnarinnar um að hefja aðgerðir til að tryggja að lýðræði verði komið á í Tyrklandi á ný og að mannréttindi verði virt.

Samhliða ályktun þessari voru samþykkt tillaga og fyrirmæli í Tyrklandsmálinu.

Svo sem fram hefur komið bar Tyrklands málið langhæst í umfjöllun 33. þings Evrópu- ráðsins. Eftir setningu herlaga í Póllandi hinn 13. desember s. l. fjallaði að sjálfsgöðu jan- úarfundurinn allitarlega um málefni Póllands og tóku um 50 ræðumenn til máls um ástandið í Póllandi. Ýmsir fulltrúar hægri flokkanna héldu því fram, að atburðirnir í Póllandi hefðu átt sér stað vegna þess að vestræn ríki hefðu ekki brugðist nógu harkalega við öðrum útpenslu- aðgerðum Sovétríkjanna. Sömu aðilar gagnrýndu hina nýgerðu samninga um útflutning á gasi frá Sovétríkjunum til nokkurra Vestur-Evrópuríkja. Ýmsir fulltrúar hægri flokkanna gagnrýndu og undanslátt Vestur-Evrópuríkja varðandi lánakjör og greiðsluskilmála Pól- verjum til handa. Jacques Baumel, fulltrúi Gaullista, lagði t. d. áherslu á að vestræn ríki gætu ekki haldið áfram að veita einræðisstjórninni í Póllandi fjárhagsaðstoð.

Ýmsir þingmenn sósíaldemókrata og sósíalista voruðu við því að blanda saman Pól- landsmálinu og afvopnunarmálum. Knut Frydenlund áleit að forðast bæri að láta afstöðuna í Póllandsmálinu færa ríki Vestur-Evrópu aftur til tíma kalda stríðsins, slíkt mundi ekki hjálpa Pólverjum, nema síður væri.

Einn ræðumanna taldi mótsagnakennt að ýmsir hefðu gagnrýnt setningu herlaga og tilkomu herforingjastjórnarinnar í Póllandi um leið og þeir hinir sömu væru reiðubúnir að samþykkja slíkar aðgerðir í Tyrklandi. Annar þingfulltrúi hélt því fram, að þróunin í Pól- landi bæri ekki vott um veikleika hjá vesturlöndum heldur væri hér um að ræða vísbendingu um djúpstæðan kloffning innan Varsjárbandalagsins.

Margir þingmenn voru þó á því, að þróunin í Póllandi, sem tilkomin væri vegna beinnar eða óbeinnar íhlutunar Sovétríkjanna, væri brot á Helsinki-samþykktinni. Samstaða var um að afnema bæri herlögin í Póllandi, að hin frjálsu verkalyðsfélög fengju að starfa aftur og að ríkisstjórnin tæki aftur upp viðræður við Samstöðu og kirkjuna. Jafnframt náðist samstaða um að senda bæri Pólverjum matvæli, helst í gegnum óháðar stofnanir.

Fyrir þinginu lá skýrsla franska Gaullistans Jacques Baumel ásamt drögum að ályktunartillögu. Allmargar breytingartillögur og viðaukatillögur komu fram áður en ályktunin um Pólland var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta. Nokkrir fulltrúar greiddu atkvæði gegn tillögunni og nokkrir sátu hjá. Þingið fordæmir kröftuglega valdbeitingu pólska hersins sem gerð væri í skjóli hótana um bein afskipti Sovétríkjanna. Þá er harmað að setning herlaganna hinn 13. desember 1981 hefði komið í veg fyrir lýðræðislega þróun sem falið hefði í sér virðingu fyrir almennum mannréttindum. Þá er Samstöðu lýst sem verkalyðshreyfingu sem á sér mjög viðtækan stuðning meðal þjóðarinnar og hefur ávallt komið málum sínum fram á friðsamlegan hátt. Þingið álitur að ástandið í Póllandi sé alvarleg hindrun gegn þessari þróun, stríði gegn Helsinki-samþykktinni og sé jafnframt í mótsögn við viðleitni til slökunar spennu. Þingið álitur að núverandi stjórn í Póllandi sitji þar í óþökk meiri hluta pólsku þjóðarinnar. Lýst er yfir ánægju með skilyrði þau sem sett eru fram af vestrænum ríkjum til að samskipti þeirra við Pólland geti komist í edlilegt horf, þar á meðal á viðskiptasviðinu, en þau eru afnám herlaganna, að pólitískir fangar verði látnir lausir, að listamenn og rithöfundar geti óheftir látið skoðanir í ljós svo og að komið verði á ný á viðræðum við Samstöðu og kirkjuna. Þá er lýst yfir stuðningi við þær skoðanir, að aðildarríki Evrópuráðsins eigi að taka Póllandsmálið upp á Madrid-ráðstefnunni og krefjast þar að pólska ríkisstjórnin virði Helsinki-samþykktina. Ítrekuð var nauðsyn þess, að leitað verði nýrra leiða til að bæta sambúð ríkja í Evrópu, og risaveldin væru hvött til að hrinda í framkvæmd samningum um kjarnorkuafvopnun í Evrópu. Þá er lögð áhersla á að aðildarríki Evrópuráðsins og lýðræðisríki heimsins haldi áfram að láta Pólverjum í té aðstoð, einkum með sendingu matvæla.

Jafnframt samþykkti janúarfundurinn fyrirmæli varðandi flóttamenn frá Póllandi.

Af öðrum alþjóðamálum, sem þingið fjallaði um, má nefna samskipti Evrópuráðsríkja og Bandaríkjanna, en fyrir þinginu lá skýrsla frá Jacques Baumel um þau mál. Samþykkt var ályktun um samband Evrópuráðsins og Norður-Ameríku þar sem m. a. kemur fram að hvorki Evrópuríki né ríki Norður-Ameríku geti séð fram úr vanda þessa áratugar upp á sitt eindæmi. Þá er því haldið fram, að öryggi Evrópu sé stefnt í voða meðan ekki takist að efla traust austurs og vesturs á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu. Þá er vonað að viðræður Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu beri árangur.

Samþykktar voru tvær ályktanir um Madrid-ráðstefnuna.

Claude Dejardin, þingmaður belgískra sósíalista, fylgdi úr hlaði skýrslu stjórnmalanefndarinnar um ofsóknirnar í Íran. Samþykkt var mótaskvæðalaust ályktun þar sem það er m. a. harmað, hve aðildarríki Evrópuráðsins geti lítil áhrif haft á ráðamenn í Íran í þessum málum. Lýst er yfir samstöðu með þeim aðilum í Íran, þar á meðal Bahái-trúarsöfnunum, sem verða fyrir óréttlátum ofsóknum. Þá eru ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins hvattar til að nota hvert tækifæri er býðst til að sannfæra ríkisstjórn Írans um nauðsyn þess að alþjóðlegar samþykktir, sem Íran er aðili að, séu í heiðri hafðar.

5. Efnahags- og orkumál.

Fyrir þinginu lá skýrsla Ólafs Ragnars Grímssonar sem efnahagsnefndin hafði falið honum að gera um framtíðarhorfur í heiminum: þarfir mannsins og náttúruauðæfi jarðar. Ólafur fylgdi skýrslu sinni úr hlaði og sagði m. a. að efnahagsmálum í heiminum í dag mætti líkja við áratuginn 1930—1940. Ef ekkert yrði að gert vofði yfir alheims efnahagskreppa sem teflt gæti alþjóðlegum friði og öryggi í hættu. Meðal alvarlegustu vandamálanna væri offjölgun mannkyns, einkum í þróunarríkjum, skortur á vatni og orku og eyðing lands og skóga. Áframhaldandi velgengni í Evrópu héldist í hendur við möguleikana á því að finna lausn á efnahagsvandamálum þróunarríkja.

Í umfangsmikilli ályktun, sem samþykkt var um mál þessi, er skorað á aðildarríki Evrópuráðsins að taka virkan þátt í öllum þeim fundum og ráðstefnum er fjalla um nýskipun efnahagsmála í heiminum. Í ályktuninni er m. a. skorað á aðildarríkin að verja 0.7% af þjóðartekjum sínum til þróunarhjálpur ekki síðar en á árinu 1985.

Pingmaður ítalskra sósíaldemókrata, Guiseppe Petrilli, fylgdi skýrslu sinni um efnahags- og orkumál úr hlaði. Var síðan samþykkt ályktun þar sem m. a. er lagt til að aukin verði olíuvinnsla í Vestur-Evrópu, einkum á hafi úti, rannsökuð verði ný tækni til vinnslu og notkunar kola, auknar verði rannsóknir varðandi nýjar og óþrjótandi orkulindir, lögð verði áhersla á kjarnorku í þeim ríkjum sem ákveðið hafa að nýta sér kjarnorku. Þá er lögð áhersla á auknar rannsóknir á öðrum tegundum orku, svo sem sólar- og vindorku, orku fallvatna og jarðvarma.

Á haustfundinum var lögð fyrir þingið skýrsla franska Gaullista-þingmannsins Jean Bozzi um viðskipti Evrópuráðsríkjanna og ríkja Norður-Ameríku. Var samþykkt ályktun þar sem bent er á ýmsar leiðir til að ná betri jöfnuði í þessum viðskiptum.

Samþykkt var umfangsmikil ályktun þar sem gerðar voru athugasemdir við ýmis atriði í ársskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þá voru samþykkt fyrir mæli um 5. þingmannaráðstefnuna um vísindi sem haldin var í Helsingfors 3.—5. júlí 1981. Lagðar voru fram tvær ársskýrslur EFTA og samþykkt var mótatkvæðalaust ályktun um skýrslur þessar.

Samþykkt var ályktun um fund samgönguráðherra Evrópuráðsríkja og ályktun um göng undir Ermarsund. Í síðastnefndu ályktuninni er lýst yfir stuðningi við hugmyndir um slík göng og að þau verði gerð fyrir umferð í báðar áttir.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Á maífundinum var fjallað nokkuð um ástandið í El Salvador. Lagði þingmaður portúgalskra miðsósíaldemókrata, Maria José Sampaio, fram skýrslu um flóttamenn frá El Salvador. Í ályktun, sem þingið samþykkti um þessi mál, er staðfest að herforingjastjórnin í El Salvador hafi aukið ofbeldisaðgerðir sínar og að ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi jafnt og þétt aukið aðstoð sína við herforingjastjórnina. Jafnframt er staðfest að Kúbumenn styðji hreyfingu skæruliða. Skorað er á ríkisstjórnir Evrópuráðsríkja að styðja starfsemi flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins, að ríkisstjórnirnar skori á nágrannarríki El Salvador að taka á móti flóttamönnum þaðan. Enn fremur er skorað á ríkisstjórnina í El Salvador og andspyrnuöflin að taka upp viðræður til að binda endi á ofríðinn í El Salvador. Þá er því beint til ríkisstjórna Evrópuráðsríkjanna að þær beiti sér fyrir því, að mannréttindi verði virt af öllum aðilum í El Salvador.

Haustfundurinn samþykkti tillögu um ástand flóttamanna frá Afganistan, þar sem skorað er á ráðherranefndina að hún beiti sér fyrir auknum stuðningi við þær áætlanir sem miða að því að gera flóttamönnum frá Afganistan kleift að geta snúið aftur til heimkynna sinna. Jafnframt voru samþykkt fyrir mæli um svipað efni.

Samþykkt var tillaga þar sem skorað er á þau aðildarríki Evrópuráðsins, sem enn eru ekki aðilar að Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, að gerast aðilar að honum. Sjóðsaðilar eru beðnir að auka aðstoð sína við sjóðinn þannig að hann geti í frekari mæli leitast við að minnka hið efnahagslega og félagslega bil sem er milli Norður- og Suður-Evrópu.

Samþykkt var tillaga og fyrir mæli þar sem því er beint til ráðherranefndarinnar og einstakra þingmanna á Evrópuráðsþingi að hafa áhrif á að þau ríki, sem enn hafi ekki fullgilt Evrópusamninginn um réttarstöðu farandverkafólks (frá 1977), fullgildi hann.

7. Félags- og heilbrigðismál.

Fyrir maífundinum lá skýrsla frá austurríska þingmanninum Karl Reinhardt um öryggi starfsfólks við gjaldþrot fyrirtækja og var samþykkt tillaga til ráðherranefndarinnar þar að lútandi.

Allmiklar umræður urðu á haustfundinum um skýrslur sem lagðar voru fram á vegum félagsmála- og laganefndar Evrópuráðsins um réttindi kynvillinga. Samþykkt var tillaga um þessi mál með 61 atkvæði, 22 voru á móti og 5 sátu hjá. Tillagan gengur einkum út á það, að ráðherranefndin beiti sér fyrir því að hætt verði að líta á kynvillu sem refsivert athæfi. Er fjallað um réttarstöðu þessa fólks á hinum ýmsu sviðum og skorað á ríkisstjórnir að sjá um að skrár yfirvalda yfir kynvillinga verði eyðilagðar. Þá er í ályktun skorað á Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) að fella kynvillu út af skrá sinni yfir sjúkdóma.

Samþykkt var tillaga til ráðherranefndar um framlag Evrópuráðsins til alþjóðaárs fatlaðra. Í ályktuninni er gert ráð fyrir sérstökum verðlaunum, að fjárhæð 10 000 franskra franka, sem árlega skulu veitt einstaklingum eða stofnunum sem beitt hafa sér hvað mest fyrir velferð fatlaðra.

Samþykkt var álitserð um félagsmálasáttmála Evrópu.

8. Menningar- og menntamál.

Fyrir fundinum lá skýrsla frá spönskum þingmanni sósíalista, Alexandre Giericci, um ýmiss konar menntunar- og menningarvandamál í sambandi við tungumál og mállýskur minnihlutahópa í aðildarríkjunum. Er jafnframt fjallað um tungumál farandverkafólks í Evrópuráðsríkjum. Í tillögu til ráðherranefndarinnar er því beint til ríkisstjórnanna, að meira tillit verði tekið til þessara þátta.

Þá voru samþykktar ályktanir um tónlistarkennslu í Evrópu og verðlagningu bóka. Samþykkt var tillaga um notkun málmleitartækja við fornleifarannsóknir.

9. Löggjafarmálefni.

Haustfundurinn samþykkti eftir allmiklar umræður tillögu og fyrirmæli um kapalsjónvarp og sjónvarp um gervihnetti. Er þar einkum fjallað um efnisval fyrir þessa tegund sjónvarps.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.

Um málaflokk þennan var einkum fjallað í janúarmánuði s. l. Fjallað var um fimmtu þingmannaráðstefnu Evrópu um vísindi sem haldin var í Helsingfors í júní 1981. Fjallaði sú ráðstefna einkum um tæknikunnáttu vesturlanda og þátt hennar í sambandi við samskipti við þróunarríkin. Jafnframt var fjallað um þingmannaráðstefnu, sem haldin var í Haag í marsmánuði 1981, er fjallaði um áhrif tækniþróunar á pólitíska ákvarðanatöku, enn fremur um efnahags- og félagslegar afleiðingar af háþróaðri tækni.

Pingið tók þrjár ákvarðanir. Í fyrsta lagi var samþykkt tillaga til ráðherranefndarinnar um vísindaráðstefnuna í Helsingfors, þar sem m. a. er lagt til að þróunarríkjunum verði gert kleift að notfæra sér tækni iðnaðarríkjanna. Í öðru lagi var samþykkt tillaga um endurnýjun, samkeppnishæfni og pólitíska ákvarðanatöku, þar sem talin eru upp ýmis atriði sem ríkisstjórnnum ber að athuga, svo að minnka megi bilið milli vísindarannsókna og stjórn mála. Þá voru í þriðja lagi samþykkt fyrirmæli um vísindaráðstefnuna í Helsingfors.

Pingið samþykkti á janúarfundinum tillögu til ráðherranefndarinnar um erfðabætur („genetic engineering“).

Edward Garret, þingmaður breska verkamannaflokksins, lagði fram skýrslu sem fjallaði m. a. um hlutverk menntunar í umhverfismálum Evrópu. Í skýrslunni er lagt til að Evrópuráðsríkin starfi nánar saman í þessu sambandi. Samþykkt var tillaga um náttúruverndarmenntun í Evrópu þar sem m. a. er lýst ánægju yfir stofnun evrópskrar stofnunar um náttúruverndarmenntun (Foundation for Environmental Education in Europe).

11. Landbúnaðarmál.

Fyrir haustfundinum lá skýrsla landbúnaðarnefndarinnar sem fjallaði um slæma meðferð á hestum við flutning landa á milli. Skýrslan fjallaði einkum um flutning á lifandi hestum

til slátrunar í ríkjum Austur- og Suður-Evrópu. Kom þar m. a. fram að hestar væru látnir vera í slíkum flutningum jafnvel sólarhringum saman án þess að fá fóður né vatn og hefðu hestar drepist af þessum sökum. Samþykkt var tillaga um að fleiri ríki, einkum þó ríki Austur-Evrópu, gerist aðilar að Evrópusamningnum um vernd dýra í millilandaflutningum frá árinu 1968.

Samþykkt var ályktun og tillaga um landbúnaðarmál sem voru byggðar á skýrslu landbúnaðarnefndarinnar og fjölluðu um minnkun á beitar- og ræktunarlöndum, flóttu frá landsbyggðinni, eftirlaun bænda og fleira. Er m. a. rætt um leiðir til aðstoðar yngra fólki við að stunda landbúnað.

12. Önnur mál.

Af öðrum málum, sem 33. þingið fjallaði um, má nefna að á janúarfundinum í ár var samþykkt ályktun um hlutverk konunnar í Evrópuráðinu. Er fjallað um starfsmöguleika kvenna í skrifstofu Evrópuráðsins og öðrum alþjóðastofnunum.

Samþykkt var ályktun um sérstaka ráðstefnu Evrópuráðsins og þeirra stofnana, sem tengdar eru Evrópuráðinu, á árinu 1982.

Þá voru samþykktar álitsgerðir um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1979, 1980 og 1981.

Yfirlit yfir ákvarðanir 33. þings Evrópuráðsins (maí 1981 — janúar 1982).

Tillögur.

- 916 um hryðjuverk.
- 917 um hljómlistarár Evrópu árið 1985.
- 918 um stöðu ritara þings Evrópuráðsins.
- 919 um öryggi starfsfólks við gjaldþrot fyrirtækja.
- 920 um fyrirkomulag varðandi kjörbréf þingmanna.
- 921 um málmleitartæki og fornleifafræði.
- 922 um flóttamenn frá Afganistan.
- 923 um slæma meðferð hesta í millilandaflutningum.
- 924 um misrétti gagnvart kynvillingum.
- 925 um framlag Evrópuráðsins til alþjóðaárs fatlaðra.
- 926 um kapalsjónvarp og sjónvarp um gervihnetti.
- 927 um flóttamannasjóð Evrópuráðsins.
- 928 um tungu og mállýskur minnihlutahópa í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- 929 um tónlistarnám.
- 930 um verðlagningu bóka.
- 931 um fullgildingu Evrópusamningsins um réttarstöðu farandverkafólks frá 1977.
- 932 um fimmtu þingmannaráðstefnuna um vísindi.
- 933 um endurnýjun, samkeppnishæfni og pólitíska ákvarðanatöku.
- 934 um erfðabætur.
- 935 um vanrækt landbúnaðarhéruð.
- 936 um ástandið í Tyrklandi.
- 937 um náttúruverndarmenntun í Evrópu.

Ályktanir.

- 747 um framtíðarhorfur í heiminum, þarfir mannsins og náttúruauðæfi jarðar.
- 748 um orku- og efnahagsmál.
- 749 um samband Evrópu og Bandaríkjanna.
- 750 um öryggi og samvinnu í Evrópu.
- 751 um flóttamenn frá El Salvador.
- 752 um kjörbréf þingmanna.
- 753 um hlutverk konunnar í Evrópuráðinu.
- 754 um samband þings Evrópuráðsins við óháðar stofnanir.
- 755 um evrópska stofnun varðandi Norður-Atlantshafsflug.
- 756 um misrétti gagnvart kynvillingum.
- 757 um ástandið í Tyrklandi.
- 758 um samband Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada.
- 759 um Madrid-ráðstefnuna.
- 760 um viðskipti milli Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada.
- 761 um starfsemi OECD árið 1980.
- 762 um tuttugustu og fyrstu ársskýrslu EFTA.
- 763 um ástandið í Póllandi.
- 764 um landbúnað.
- 765 um ástandið í Tyrklandi.
- 766 um ráðstefnu samgönguráðherra Evrópu.
- 767 um jarðgöng undir Ermarsund.
- 768 um ofsóknirnar í Íran.

Fyrirmæli.

- 396 um hryðjuverk.
- 397 um ástandið í Tyrklandi.
- 398 um fulltrúa Tyrklands á þingi Evrópuráðsins.
- 399 um lausn í málefnum Afganistans.
- 400 um fimmtu þingmannaráðstefnuna um vísindi.
- 401 um kapalsjónvarp og sjónvarp um gervihnetti.
- 402 um fullgildingu Evrópusamningsins um réttarstöðu farandverkafólks, frá 1977.
- 403 um ráðstefnu um samskipti Vestur-Evrópu og Japans.
- 404 um fimmtu þingmannaráðstefnuna um vísindi.
- 405 um flóttamenn frá Póllandi.
- 406 um ástandið í Tyrklandi.

Álitsgerðir.

- 104 um 15. ráðstefnu svæðastofnana í Evrópu.
- 105 um fjárlög þings Evrópuráðsins.
- 106 um félagsmálasáttmála Evrópu.
- 107 um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1979, 1980 og 1981.